

AÐALFUNDUR ÖSSURAR HF.
FÖSTUDAGINN 14. MARS KL. 9:00
AÐ GRJÓTHÁLSI 5, REYKJAVÍK

A. DAGSKRÁ

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess á liðnu starfsári.
2. Ákvörðun um hvernig skuli fara með hagnað félagsins á reikningsárinu 2013.
3. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram til staðfestingar.
4. Skýrsla stjórnar um starfskjör.
5. Ákvörðun um starfskjarastefnu félagsins.
6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir 2014.
7. Kosning stjórnar.
8. Kosning endurskoðanda.
9. Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins.
10. Tillaga um heimild til að kaupa eigin hluti.
11. Önnur mál sem borin hafa verið löglega fram eða aðalfundur hefur samþykkt að taka til meðferðar.

B. TILLÖGUR

2. Tillaga um ráðstöfun hagnaðar félagsins

Stjórn félagsins leggur til að félagið greiði hluthöfum arð sem nemur 0,10 dönskum krónum á hlut fyrir árið 2013, sem samsvarar um 20% af hagnaði félagsins. Arðleysisdagur er 17. mars 2014, arðsréttindadagur er 19. mars 2014 og útborgunardagur er 28. mars 2014.¹

Stjórnin leggur til að hagnaður ársins 2013 verði að öðru leyti fluttur til næsta árs.

3. Tillaga um staðfestingu á ársreikningi félagsins

Stjórn félagsins leggur til að ársreikningur félagsins fyrir árið 2013 verði samþykktur.

5. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins

Stjórn félagsins leggur til að framlögð starfskjarastefna félagsins verði samþykkt.

6. Tillaga um stjórnarlaun fyrir árið 2014

Stjórn félagsins leggur til að stjórnarlaun fyrir árið 2014 verði eftirfarandi:

Stjórnarformaður	82.200 Bandaríkjadali
Varaformaður stjórnar	49.300 Bandaríkjadali
Meðstjórnendur	32.900 Bandaríkjadali

7. Tilnefning frambjóðenda til stjórnar félagsins

Stjórn félagsins leggur til að fjöldi stjórnarmanna verði óbreyttur og að núverandi stjórnarmenn verði endurkjörnir:

Niels Jacobsen
Kristján Tómas Ragnarsson
Arne Boye Nielsen
Guðbjörg Edda Eggertsdóttir
Svafa Grönfeldt

¹ **Arðleysisdagur:** Sá dagur sem viðskipti hefjast án arðsréttinda (næsti viðskiptadagur eftir aðalfund).

Arðsréttindadagur: Sá dagur sem hluthafar verða að vera skráðir í hlutaskrá til að eiga rétt á arði (þriðji viðskiptadagur eftir aðalfund). Þetta þýðir að hluthafar sem hafa keypt hluti á aðalfundardegi munu fá greiddan arð, sjá skýringu á arðleysisdegi að framan.

Útborgunardagur: Sá dagur sem arður er greiddur út til hluthafa (tveimur vikum eftir aðalfund).

8. Tilnefning endurskoðanda

Stjórn félagsins leggur til, í samræmi við tillögu endurskoðunarnefndar til stjórnar, að Deloitte hf. sé endurkjörið sem endurskoðandi félagsins til næsta árs.

9. Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins

Stjórn félagsins leggur til að framlagðar endurskoðaðar samþykktir félagsins verði samþykktar.

Þær byggja á sama grunni og núverandi samþykktir, en hafa að geyma breytingar og viðbætur sem leiða aðallega af nýlegum breytingum á lögum um hlutafélög nr. 2/1995.

Helstu breytingatillögur:

- Staðfest að stjórn félagsins skuli tryggja að hlutaskráin geymi réttar upplýsingar á hverjum tíma. (1. mgr. 7. gr.)
- Staðfest að hluthafafundir skuli vera boðaðir lengst fjórum vikum fyrir fund. (1. mgr. 14. gr.)
- Felld brott krafa um að fundarboð á hluthafafund skuli einnig birt í innlendum fjölmiðli. (2. mgr. 14. gr.)
- Útskýrt hvað sé átt við með skýrum og nákvæmum reglum um þátttöku og atkvæðagreiðslu á hluthafafundi. (3. mgr. 14. gr.)
- Tilgreint hvaða upplýsingar skuli vera aðgengilegar hluthöfum á vefsíðu félagsins fyrir hluthafafundi. (1. mgr. 15. gr.)
- Staðfestur réttur hluthafa til að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. (3. mgr. 15. gr.)
- Staðfestur réttur hluthafa til að sækja hluthafafund ásamt ráðgjafa og gefa ráðgjafanum orðið fyrir sína hönd. (2. mgr. 16. gr.)
- Felld brott ákvæði um að umboð verði ekki afturkallað svo gilt sé gagnvart félaginu eftir að því hefur verið framvísað við afhendingu fundargagna eða eftir setningu hluthafafundar. (2. mgr. 19. gr.)
- Staðfest að stjórn félagsins skuli gefa skýrslu um starfskjör á aðalfundi. (3. mgr. 20. gr.)
- Staðfest að stjórnarformaður setji hluthafafund og stjórn kosningu á fundarstjóra, og að fundarstjóri stjórn kosningu ritara fundarins. (1. mgr. 21. gr.)
- Atkvæðagreiðslur á hluthafafundi skulu vera skriflegar ef einhver fundarmanna krefst þess, nema fundarstjóri telji augljóst að það hafi ekki áhrif á úrslit atkvæðagreiðslunnar. (2. mgr. 21. gr.)
- Staðfest að í síðasta lagi tveimur vikum eftir hluthafafund skuli hluthafar eiga aðgang að fundargerð eða staðfestu endurriti fundargerðar á skrifstofu félagsins. (3. mgr. 21. gr.)

- Lagt til að stjórn félagsins sé skipuð fimm einstaklingum. Ákvæðum bætt við til að tryggja að hlutfall hvors kyns í stjórn sé a.m.k. 40%. Stjórnarkjör og skyld atriði nánar útskýrð sem og reglur um uppsögn og frávikningu. (24. gr. og 26. gr.)
- Lýsing á hlutverki og ábyrgð stjórnar félagsins og forstjóra einfölduð og skýrð betur með lítilsháttar efnislegum breytingum. (27. gr., 3.-5. mgr. 28. gr. og 30. gr.)
- Staðfest að ársreikningur skuli gerður í samræmi við viðeigandi lög. (31. gr.)
- Aukið svigrúm til að eiga og eignast eigin hluti innan þeirra marka sem lög setja. (34. gr.)
- Ákvæði um breytingar á samþykktum félagsins einfaldað án efnislegra breytinga. (35. gr.)
- Fellt brott ákvæði um samruna og sölu á eignum. Fer eftir viðeigandi lögum. (36. gr.)
- Félaginu heimilað að nota rafræna miðla og tölvupóst í samskiptum við hluthafa. (37. gr.)
- Staðfest að ófrávikjanleg lög gangi framur samþykktum ef ósamræmi er á milli þeirra. (2. mgr. 38. gr.)

Tilvísanir að ofan vísa til greina í endurskoðuðum samþykktum.

Aðrar breytingar ná meðal annars til uppsetningar og orðalags.

10. Tillaga um heimild til að kaupa eigin hluti

Stjórn félagsins leggur til að eftirfarandi tillaga um kaup á eigin hlutum verði samþykkt:

Stjórn félagsins hefur heimild fram að næsta aðalfundi til að veita félaginu leyfi til að kaupa eigin hluti sem nema allt að 10% af hlutafé félagsins. Kaupverðið skal ekki vera 10% hærra eða 10% lægra en markaðsverðið á NASDAQ OMX þar sem bréfin eru keypt. Þrátt fyrir framangreint skal kaupverðið ávallt vera innan þeirra marka sem lög setja þegar kaupin eru gerð.

Heimildin er veitt í samræmi við 55. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995.